



Borgarráð

Gangbrautarljós 2021.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssvið að bjóða út í samstarfi við Vegagerðina kaup á búnaði til endurnýjunar á gangbrautarljósum 2021.

Um er að ræða búnað á níu gangbrautarljósum. Þar af eru átta alfarið í eigu Reykjavíkurborgar en eitt alfarið í eigu Vegagerðarinnar.

Áætlaður kostnaður vegna kaupa á búnaði er 50 m.kr. Þar af er hluti Reykjavíkurborgar um 45 m.kr.

Greinagerð:

Samkvæmt áætlun skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, liggur fyrir að nauðsynlegt er að endurnýja búnað gangbrautarljósa á níu gangbrautum á þessu ári.

Núverandi búnaður getur ekki tengst miðlægri stýritölvu umferðarljósa og erfitt er að halda honum við.

Samhliða endurnýjun á búnaði eru ljósastýringar yfirfarnar og eftir atvikum, skynjurum bætt við og lagfæringar gerðar á nánasta umhverfi, sérstaklega m.t.t.

aðgengis og öryggis óvarinna vegfarenda. Lagfæringar á umhverfi eru almennt séð minniháttar lagfæringar t.d. á kantsteinum, gerð leiðarlína og varúðarsvæðis.

Um er að ræða gangbrautarljós á eftirfarandi stöðum:

1. Bústaðavegur við Grímsbæ
2. Álfheimar við Sólheima
3. Hofsvallagata við Túngötu
4. Langahlíð við Blönduhlíð
5. Hofsvallagata við Neshaga
6. Réttarholtsvegur við Langagerði

7. Skeiðarvogur við Sólheima
8. Sóleyjargata við Bragagötu
9. Suðurströnd við Selbraut (Vegagerðin)

Kostnaðarstaður: 3102

Kostnaðaráætlun 2 vegna kaupa á búnaði: 45 m.kr. (hluti Reykjavíkur)

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds